

## Kæru foreldrar.

Um leið og við bjóðum ykkur og barni ykkar velkomið í leikskólann viljum við upplýsa ykkur um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans. Foreldrar þurfa að meðtaka mikið af upplýsingum í byrjun skólagöngu og því er tilvalið að hafa sem mest af upplýsingum á einum stað. Við á Arnarbergi hlökkum til að vinna með ykkur og börnunum ykkar og vonum að þessi handbók komi að góðum notum.

Leikskólinn Arnarberg er opinn frá 7:30 – 17:00.

Síminn: 555-3493.

Heimasíða: [www.leikskolinn.is/arnarberg](http://www.leikskolinn.is/arnarberg)

Netfang: [arnarberg@hafnarfjordur.is](mailto:arnarberg@hafnarfjordur.is)

**Leikskólastjóri:** Oddfríður Jónsdóttir [oddaj@hafnarfjordur.is](mailto:oddaj@hafnarfjordur.is)

**Aðst.leikskólastj:** Kristbjörg Helgadóttir

[kristbjorgh@hafnarfjoddur.is](mailto:kristbjorgh@hafnarfjoddur.is)

Deildin heitir \_\_\_\_\_

Síminn þar er \_\_\_\_\_

Deildarstjóri er \_\_\_\_\_

Starfsmenn deildarinnar eru

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**Leikskólinn Arnarberg** tók til starfa í núverandi mynd við Haukahraun í Hafnarfirði í ágúst 2003 en áður var hann starfræktur í tveimur húsum. Leikskólinn er fjögurra deilda með rétt tæplega hundrað börn og um þrjátíu starfsmenn. Umhverfi leikskólans er rólegt og friðsælt og nýtur hann góðs af frábærri staðsetningu innst í botnlanga þar sem umferð og umferðarhraði er í lágmarki.

**Leikskólinn Arnarberg er forystuskóli í læsishvetjandi umhverfi þar sem unnið er með tal- og ritmál með lestri bóka, umræðum, í gegnum leikinn, listsköpun og hreyfingu.**

### Að byrja í leikskóla

Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Áriðandi er að góð samvinna takist strax í byrjun á milli foreldra barns og starfsfólks. Gagnkvæmur trúnaður og samvinna er forsenda þess að barninu líði vel.

*Góð aðlögun styrkir öryggistilfinningu barnsins og leggur grunninn að vellíðan þess í leikskólanum.*

**Mikilvægt er að fara hægt af stað og hafa heimsóknirnar stuttar til að byrja með og smám saman lengja tímann sem barnið er eitt með kennara sínum.**

Það skiptir miklu máli að barnið fái jákvætt viðhorf til leikskólans strax í upphafi, að barnið byrji vel.

Hlutverk foreldranna er að veita barninu öryggi og styðja það þannig að barnið geti kynnst öllu því nýja á öruggan hátt.

Aðlögun er höfð stutt fyrsta daginn og lengd svo frá degi til dags til þess að barnið fái gott tækifæri til að meðtaka breyttar aðstæður. Einnig er það nauðsynlegt til að draga úr þreytu og spennu.

Aðlögun er alltaf einstaklingsbundin og getur tekið mislangan tíma. Foreldrar fylgja börnum sínum í aðlögun sem skipulögð er í samstarfi við deildarstjóra og starfsfólk. Foreldrar þurfa að ætla sér u.þ.b. vikutíma í aðlögun barnsins inni á leikskólanum. Ágætt er að gera ráð fyrir að heildaraðlögun barnanna geti tekið allt að 6-8 vikur.

### **Aðlögunarskref**

1. skref: Fyrsta heimsókn barnsins á deildina.

Starfsmaður tekur á móti barninu og foreldrunum og sýnir því deildina. Miðað er við klukkutíma heimsókn.

2. skref: Foreldrar og barn dvelja nú lengur í leikskólanum og eru nokkur börn af deildinni með.

Foreldrar reyna að halda sig til hlés en eru samt á staðnum til að veita barninu öryggi. Foreldrar skilja við barnið og fara inn á kaffistofu starfsmanna í smástund.

3. skref: Foreldrar eru með barninu stutta stund en kveðja það síðan og eru í burtu í fyrirfram ákveðinn tíma sem foreldrar og starfsmaður hafa orðið sammála um.

Ef tímalengdin er barninu ofviða er hringt í foreldra fyrr.

4. skref: Barnið dvelur nú lengur í leikskólanum, foreldrar kveðja mjög fljótlega. Foreldrar og starfsmaður ákveða sameiginlega hve langur tíminn verður.

5. skref: Barnið er nánast fullan tíma í leikskólanum.

Mikilvægt er að kveðja börnin vel, láta þau vita að foreldrarnir séu að fara en jafnframt að þeir komi aftur.

Þetta getur reynst mörgum börnum erfitt í fyrstu en þá er mikilvægt að gera ekki of mikið mál úr kveðjustundinni heldur kveðja og láta börnin í hendur starfsmannsins. Venjulega jafna börnin sig strax og una glöð í leik og starfi. Þau læra fljótt að foreldrarnir koma alltaf aftur.

**Aðlögun er lokið þegar samband starfsmanns og barns er orðið nokkuð stöðugt, barnið leitar til hans um hjálp, barnið hefur tengst hinum börnunum og fjarvera foreldra er orðin nokkuð mikil.**

### **Skólafestna Hafnarfjarðar**

Leikskólinn Arnarberg starfar samkvæmt leikskólalögum og Aðalnámsskrá leikskóla sem gefin var út í júlí 1999.

Skólafestna Hafnarfjarðar og skólanámsskrá leikskólans frá árinu 2004 eru jafnframt lagðar til grundvallar starfinu.

*Hlutverk* leikskólans er fyrst og fremst að veita foreldrum og börnum þá þjónustu sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og Aðalnámsskrá leikskóla.

Leikskólinn annast uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri undir handleiðslu leikskólakennara.

Námssvið leikskólans eru áhersluþættir í öllu starfinu og eru þau *hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra, menning og samfélag*.

Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðupáttum leikskólafestna starfsins sem eru *leikur, dagleg umönnun og lífsleikni*.

### **Daglegt starf**

Barnið sjálft er í brennidepli í allri okkar skipulagningu og lögð er áhersla á að starfshættir taki ávallt mið af þroska og þörfum einstaklinganna, virki hina miklu athafnaþörf barnsins og vekji áhuga þess, gleði og virðingu fyrir sjálfu sér öðrum og umhverfi sínu. Lögð er áhersla á hlýju í samskiptum barna á milli og á milli starfsfólks og barna.

### **Dagskrá**

Í leikskólanum er skipulögð dagskrá. Það er gott fyrir börnin að hafa ákveðna rútínu og vita hvað gerist næst, það er grundvöllur að öryggistilfinningu.

Með þekktri dagskrá vita börnin að hverju þau ganga á degi hverjum og skipulagið kemur í veg fyrir óþarfa biðtíma og árekstra í samskiptum.

Kl. 07:30 – Leikskólinn opnar. Rólegur leikur.

Kl. 08:30 – Morgunverður.

Kl. 09:00 – Vinnustund alla daga nema föstudaga en þá er sameiginleg söngstund í sal.

Kl. 10:00 – Útivera eða val.

Kl. 11:00 – Klósettferðir og bleiuskipti. Samverustund.

Kl. 11:30 – Hádegisverður.

Kl. 12:00 – Hvíld, slökun og lestur fyrir eldri börn.

Kl. 13:00 – Útivera eða val. Rólegir leikir, sumir sofa lengur.

Kl. 14:00 – Klósettferðir og bleiuskipti. Samverustund.

Kl. 14:30 – Nónhressing.

Kl. 15:00 – Útivera eða val.

Kl. 16:00 – Ávaxtastund og rólegur leikur.

Kl. 17:00 – Leikskólinn lokar.

**Foreldrar eru beðnir um að virða þann tíma sem þeir kjósa að kaupa og þar með vinnutíma starfsmanna leikskólans sem eru ráðnir með tilliti til fjölda barna á hverjum tíma.**

### **Máltíðir**

Leikskólinn sér um morgunmat, hádegisverð og síðdegis-hressingu. Leitast er við að hafa hollan og góðan mat á borðum. Brauðið er oftast bakað í leikskólanum og notast er við lífrænt ræktað grænmeti þegar við á. Hafragrautur er þrisvar í viku og börnin fá ávexti tvisvar á dag.

Látið deildarstjóra strax vita ef barn hefur ofnæmi fyrir einhverjum fæðutegundum.

**Vinsamlegast leyfið barninu ekki að koma með sælgæti, tyggjó eða önnur sætindi í leikskólann.**

### **Vinnustund**

Börnin vinna að skipulögðum verkefnum í aldurskiptum hópum. Þau eru allan veturinn með sama leiðbeinanda.

### **Val**

Leikstofunni er skipt upp í nokkur svæði þar sem í boði er frjáls leikur. Börnin velja sér svæði til að leika sér á.

### **Samverustund**

Daglega er samverustund allra barna á viðkomandi deild þar sem ýmis málefni eru rædd, sungið, lesið o.fl.

### **Salur – hreyfing**

Í leikskólanum er salur sem allar deildir fá aðgang að í hverri viku. Við hreyfum okkur í salnum, dönsum, syngjum og gerum leikfimiæfingar. Einnig fara tveir elstu árgangarnir í Bjarkarhúsið, íþróttahúsið við hliðina á leikskólanum, í skipulagða hreyfingu einu sinni í viku.

### **Afmæli**

Þegar börnin eiga afmæli gerum við okkur glaðan dag og eru veitingar lagðar til af leikskólanum.

### **Listastofa – Lækur**

Við leikskólann er starfandi listgreinakennari sem hefur aðstöðu í öðrum enda hússins. Listastofan kallast **Lækur**. Öll börn fá listgreinakennslu einu sinni í viku.

### **Skólahópar**

Öll börn eru í skólahóp síðasta veturinn sinn í leikskólanum. Markmiðið með skólahóp er að auðvelda börnunum að færast milli skólastiganna. Við erum í samstarfi við Lækjarskóla og förum í heimsóknir þangað.

### **Sérkennsla**

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri. Hlutverk hans er að skipuleggja og hafa umsjón með sérkennslu í samvinnu við Skólaskrifstofu og deildarstjóra.

Sérkennslustjóri gerir einstaklingsáætlun fyrir þau börn sem þess þurfa í samráði við viðkomandi deildarstjóra og foreldra barnsins.

### **Fataklefinn, fatnaður**

Leikskólinn leggur til aukafatapoka sem er lítill íþróttapoki og er hann merktur Arnarbergi. Í þann poka fara aukaföt barnsins sem eiga að vera: nærföt, sokkar, buxur og peysa, aukafötin þarf að yfirfara daglega. Foreldrar koma á mánudegi með allan þann utanyfirfatnað sem barnið þarf á að halda í leikskólanum alla vikuna. Fatnaðnum er haglega komið fyrir í hólfi barnsins og foreldrar fara aftur heim með leikskólatöskuna. Á föstudögum taka foreldrar allan fatnað með heim nema aukafatapokann sem er merktur Arnarbergi.

**Börnin ganga sjálf um hólfin sín og er það liður í að kenna þeim að hjálpa sér sjálf. Gott er að foreldrar taki til þau föt sem þau vilja að börnin noti þann daginn og setji í hólfið. Þetta flýtir fyrir að klæða börnin út ásamt því að börnin eiga auðveldara með að klæða sig sjálf.**

### **Klæðnaður barnanna**

Leikskólinn er vinnustaður barnanna og þess vegna þurfa börnin að koma í leikskólann í þægilegum vinnufatnaði sem þolir hnjask og má óhreinkast.

**Nauðsynlegt er að merkja allan fatnað barnanna vel.**

### **Foreldrasamvinna**

Uppeldi og menntun barnanna í leikskólanum er samvinnu verkefni starfsfólks leikskóla og foreldra. Gagnkvæmt traust og trúnaður er forsenda góðrar samvinnu.

**Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því að oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess. Einnig er mikilvægt að öll símanúmer og aðrar upplýsingar séu réttar og uppfærðar reglulega, því stundum getur verið nauðsynlegt að ná í foreldra fljótt og örugglega.**

Við leggjum metnað í að gott upplýsingaflæði sé til foreldra:

- Á haustin er haldinn foreldrafundur þar sem farið er yfir dagskrá vetrarins og verkefni.
- Einu sinni á ári eru haldin formleg foreldraviðtöl þar sem foreldrar hitta leikskólakennara barnsins.
- Við sendum foreldrum tölvupóst reglulega yfir veturinn og erum dugleg að hengja upp fréttir og annað í fataklefanum.
- Heimasíðan okkar [www.leikskolinn.is/arnarberg](http://www.leikskolinn.is/arnarberg) hefur að geyma margar upplýsingar og fróðleik sem vert er að skoða.

### **Foreldrafélag**

Í leikskólanum er starfrækt mjög öflugt foreldrafélag. Foreldrafélagið stendur fyrir nokkrum uppákomum ár hvert eins og t.d. sveitaferð, heimsókn jólasveins með jólapakka, leiksýningu og sumarhátíð.

### **Sumarleyfi**

Öllum börnum í leikskólanum er skylt að taka fjórar vikur samfellt í sumarfrí. Leikskólinn er því lokaður í fjórar til fimm vikur á hverju ári.

### **Veikindi**

Veikindi ber að tilkynna í leikskólann. Það er góð og gild regla að miða við að börn skuli vera hitalaus heima í einn til tvo daga eftir veikindi.

Algennt er að börn sem hefja skólagöngu fái fjölmargar pestir fyrsta hálfu árið.

### **Koma og brottfarir**

Nauðsynlegt er að láta starfsfólk vita þegar komið er með barn í leikskólann og að sama skapi þegar barn er sótt.

**Þetta er mikilvægt öryggisatriði.**

### **Skipulagsdagar**

Skipulagsdagar eru fimm til sex á ári og þá er leikskólinn lokaður. Foreldrum er tilkynnt um þessa daga með mánaðar-fyrirvara bæði með auglýsingu sem hengd er upp í fataklefa og eins í skólalagatali og á heimasíðu skólans.

### **Slys og óhöpp**

Slys og óhöpp geta alltaf átt sér stað. Ef slíkt kemur fyrir munum við strax hafa samband við foreldra og farið er með barnið á slysadeild eða til tannlæknis ef þörf krefur. Rétt er að geta þess að fyrsta koma á slysadeild er greidd af bæjarfélaginu.

### **Barnavernd**

Lögum samkvæmt ber okkur að tilkynna hvers konar vanrækslu eða misnotkun til Barnaverndarnefndar. Tilkynning okkar er alltaf undir nafni.

**Tekið skal fram að allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu sem heldur ef og þegar látið er af störfum.**

**Að lokum**

Við vonum að þessi bæklingur hafi svarað einhverjum af þeim fjölmörgu spurningum sem geta vaknað þegar barn byrjar í leikskóla. Við hvetjum ykkur til að hafa samband og láta okkur vita ef eitthvað er ábótavant í starfi leikskólans og einnig er alltaf gaman að heyra ef foreldrar eru ánægðir.

Með von um gott og gæfuríkt samstarf.

**Starfsfólk Arnarbergs, 8. maí 2009.**

**Endurskoðað í mars 2010, ágúst 2012 og nóvember 2013.**